„Hinn ferski tónn"

— Minningarsýning um Ásgrím Jónsson

Fyrsta verkefni Kjarvalsstaða eftir formbyltinguna í húsrekstrinum er yfirlitssýning á verkum Ásgríms Jónssonar. Þessi sýning hafði reyndar verið ákveðin í gamla stílnum, þegar aldarafmæli listamannsins var ekki langt undan.

Ásgrímur Jónsson fæddist árið 1876 í Rútsstaðahjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi, og voru foreldrar hans þau Jón Guðnason bóndi þar og kona hans Guðlaug Gísladóttir. Ólst Ásgrímur upp í foreldrahúsum fram yfir fermingaraldur, en dvaldist síðan í „Húsinu" á Eyrarbakka sem matvinnungur. Síðan hélt hann á skútur, en það var í þá daga eitt bezta úrræði þeirra, er ekki áttu jarðir til að hokra á.

Að því búnu lá leiðin vestur á Bíldudal, þar sem þá var mikil drift, verzlun, fiskveiðar og fiskverkun, en þá stóð fyrirtæki Péturs Thorsteinssonar með hvað mestum blóma. Ásgrímur varð handgenginn kaupmannsfjölskyldunni á Bíldudal, og er það dálitið merkilegt, að hann skyldi kynnast tveimur mestu menningarheimilum kaupmanna seinustu aldar svo náið, því þar voru listir í hávegum hafðar.



Fyrsta myndin

Ásgrímur Jónsson mun hafa málað sína fyrstu mynd mjög ungur austur í Gaulverjabæ, og líklega veit enginn nú, hvers vegna hann gerði það, en myndina gerði hann með taublánku og krít. Síðan er hann ávallt með slíkt myndföndur og á árunum vestur á Bíldudal hefur hann liti og málar og Ásthildur kona Péturs Thorsteinsson, keypti af honum fyrsta málverkið, sem hann selur, og taldi Ásgrímur það sjálfur stórkostlegan viðburð og taldi sig ekki hafa gert minnisstæðari kaup.

Þarna fyrir vestan vann hann að húsamálun og skipamálningu. Enn fremur var hann fenginn til þess að mála leiktjöld, en verzlunin kostaði leiksýningar auk annars, er hún gjörði til menningarþarfa. Í október ber árið 1897 hélt hann síðan til Kaupmannahafnar til þess að reyna að komast í listnám.

Ekki var farareyririnn mikill, 200 krónur, er hann hafði sparað saman, og ekki gat hann átt von á fjárstuðningi heimanað því að hann var af fátæku, barnmörgu heimili.

Fyrstu tvö árin ytra vann hann fyrir sér með húsgagnamálun, en stundaði jafnframt nám í teikningu, og eftir tvö ár fékk hann inngöngu í konunglega listaskólann.

Ekki var það ætlunin að rekja hér ævisögu Ásgríms Jónssonar, enda hefur sá er þetta ritar ekkert undir höndum til þess, en þessi upprifjun er samt nauðsynleg til þess að gera ofurlitla grein fyrir þeim málara, er um sumt má teljast faðir íslenzkrar málaralistar eins og hún er nú. Það er nokkuð annað að byrja málaraferil þar sem myndlistir standa með blóma og listheimurinn er svo að segja allur við höndina fyrir hvern sem hafa vill, en það var meðal annars verk Ásgríms Jónssonar að færa okkur þennan heim, a.m.k. hluta hans, og fá svo þjóðina til þess að opna fyrir honum augun.

Þjóðin lærði að meta nýjan snilling

Ekki verður annað sagt en að þjóðin hafi tekið honum tveim höndum, þegar hann kom fyrst heim með myndir, og til marks um það er m.a. það, að Alþingi veitti honum 600 króna styrk án mótatkvæða árið 1903, sem teljast verður dálagleg upphæð, þegar þess er gætt, að jafn ráðdeildarsamur maður og Ásgrímur var, átti aðeins rúmar tvö hundruð krónur eftir „sjö ára strit", þegar hann hélt til Kaupmannahafnar. Árið 1907 veitti svo Alþingi honum 3000 króna styrk til Suður-Evrópufarar, og Ásgrímur hélt suður alla Evrópu og allt suður til Ítalíu.

Þetta var mikil gæfa. Um þessar mundir var doði yfir danska listaskólanum. Þar var ekkert að gerast, en í Þýzkalandi, í suðri, voru ný teikn á listhimni, expressionisminn, sem síðar hafði ómæld áhrif á myndlist Ásgríms Jónssonar.

Ásgrímur er einkum þekktur fyrir landslagsmyndir sínar og myndir úr þjóðsögum. Hann byrjaði snemma á síðarnefnda myndefninu. Þannig er sú fræga mynd „Nátttröllið á glugganum" gerð þegar árið 1905, og mjög snemma fór hann einnig að fást við myndefni úr fornsögum okkar. Elztu myndirnar á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru frá árinu 1890, þegar Ásgrímur var aðeins 14 ára gamall, en alls eru 270 verk á sýningunni, vatnslitamyndir, túss-myndir, kol og blýantsteikningar, og svo auðvitað olíumálverk. Verkunum er raðað eftir myndefni, en ekki eftir aldri, eða af handahófi.

Úr dimmu í birtuna

Ef þessar myndir, lífsverkið í heild, er skoðað, þá eru elztu myndirnar þungbúnar á svipinn, eins og málarinn reyndar oft sjálfur á gömlum ljósmyndum. Draumlynd alvara og stilling. Ég minnist málarans þegar ég var unglingur, og fannst hann þó ekki par skuggalegur á að líta, heldur virðist svipur hans einhvernveginn sterkur á bak við þessar gömlu myndir. Svo fer smám saman að birta, ósköp hægt þó. Menn eins og Ásgrímur Jónsson hlupu ekki eftir tízku, heldur unnu að markvissri þróun. Um þetta segir Björn Th. Björnsson í ritgerð, en þar fjallar hann um heimsókn Ásgríms til Berlínar:

„Í söfnum Berlínar var mikið að sjá af hinni nýju list, en það voru enn sem fyrr impressionistarnir sem athygli Ásgríms beindist helzt að". Enn fremur:

„Svo sem brautryðjandahlutverki Ásgríms var háttað hefði slík snögg breyting verið sögulega óhugsanleg"

Eftir 1940 fer síðan allt í bál, og sumar myndir hans eru í rauninni ekki annað en kröftugar kompositionir í kröftugum litum og grófum pensildráttum. Á þessu tímabili virðist hann hafa djúptækust áhrif á íslenzka myndlist, á aðra málara. Þó er í sjálfu sér ekki auðvelt að skilgreina meginþungann í verkum hans, né heldur var hann rígbundinn við einfalda aðferð.





eden


ÁL-GRÓÐURHÚS fyrir heimagarða



8 × 10 fet. Áætlað verð kr. 72.000
8 × 12 fet. Áætlað verð kr. 79.000


autoheat
FOR ACCURATE GREENHOUSE HEATING





Sjálfvirkir hitablásarar
2500 wött kr. 13.790
3000 wött kr. 15.125

Ál-sólreitir / blómakassar,
Stærðir 122 × 70 cm.
kr. 7.700



Hillur 122 cm. kr. 1.750
Borð 244 cm. kr. 12.500

Í fyrra seldust EDEN húsin upp, enda verðið hvergi lægra. Nú erum við að fá nýjar sendingar til afgreiðslu af lager í þessum mánuði. Vegna góðrar samvinnu við framleiðendur getum við boðið óbreytt verð frá s.l. ári.
Við ráðleggjum kaupendum að hafa samband við okkur strax og tryggja sér hús, en s.l. sumar seldust húsin jafnóðum og urðu allmargir að bíða næstu sendinga.

KLIF H F

Vesturgötu 2, Reykjavík
Sími 23300 til kl. 7 e.h.